

Fjármálaráðuneytið  
Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2010

**Efni: Ósk um úrskurð á grundvelli 4. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð  
Dótturfélög Landsbankans (NBI hf.)**

Með lögum nr. 87/2009, sem fela meðal annars í sér breytingu á hlutafélagalögum nr. 2/1995 og á lögum um kjararáð nr. 47/2006, er kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra (dótturfélög), sjá 2. mgr. 1. gr. laga um kjararáð. Ákvæðið tekur þó ekki til félags sem nefnt er dótturfélag móðurfélagsins í 2. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. 2. gr. laga um einkahlutafélög, þ.e. til félaga sem eru í meirihlutaeigu dótturfélaga félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs. Ákvæðið tekur ekki heldur til félaga sem viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrntæki í meirihlutaeigu ríkisins eða dótturfélög þessara fjármálaþyrntækja yfirtaka til að tryggja fullnustu kröfu. Þá segir að í vafatilvikum úrskurði fjármálaráðuneyti um hvort kjararáð eigi úrskurðarvald samkvæmt málsgreininni.

Kjararáð óskaði eftir lista yfir dótturfélög með tölvupósti til fjármálaráðuneytisins 6. október 2009 og barst endanlegur listi kjararáði með tölvubréfi 26. janúar 2010. Á listanum voru meðal annars eftirtalin dótturfélög Landsbankans (NBI hf.): Landsvaki hf., SP fjármögnun hf., Horn fjárfestingarfélag ehf., Vestia ehf. og Reginn ehf. Kjararáð hefur unnið að undirbúningi úrskurða um launakjör framkvæmdastjóra þessara félaga. Var þeim og stjórnnum félaganna skrifað 1. febrúar 2010 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör framkvæmdastjórans, þ.m.t. hlunnindi. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um launuð aukastörf og starfsemi fyrirtækisins. Bréf með umbeðnum upplýsingum og sjónarmiðum stjórna félaganna bárust með bréfum dagsettum 12. mars 2010. Framkvæmdastjórn félaganna nýttu sér ekki rétt sinn til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fjármálaráðuneyti var skrifað 4. mars 2010 og bárust sjónarmið ráðuneytisins 15. mars 2010. Auk þess barst bréf dagsett 12. mars 2010 frá bankastjóra Landsbankans.

Með bréfum dagsettum 30. mars 2010 gaf kjararáð framkvæmdastjórnunum dótturfélaganna kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun sem áformað var að tæki gildi 1. maí 2010. Síðdegis 31. mars 2010 barst kjararáði, í tölvupósti, bréf dagsett sama dag, frá bankastjóra Landsbankans. Í bréfinu var kjararáð upplýst um að bankaráð Landsbankans hefði á fundi sínum sama dag ákveðið að færa eignarhald á helstu dótturfélögum bankans í sérstakt dótturfélag, Eignarhaldsfélag NBI hf.

Rekstrarform félagsins yrði einkahlutafélag og myndi bankastjóri Landsbankans gegna hlutverki stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Væri honum ætlað að koma fram fyrir hönd hluthafa í umræddum félögum og skipa stjórnir þeirra, eftir atvikum að undangengnum umræðum í bankaráði. Þá segir í bréfinu að með þessari ákvörðun sé „bankaráð að koma til móts við athugasemdir Fjármálaeftirlits og Samkeppniseftirlits og óskir þessara aðila um skýrari aðgreiningu einstakra dótturfélaga frá bankanum.“ Kjararáði barst síðan bréf, dagsett 15. apríl 2010, frá Landsbankanum þar sem tilkynnt var að NBI hf. hefði sama dag selt fimm helstu dótturfélög sín inn í sérstakt dótturfélag NBI hf. sem beri heitið Eignarhaldsfélag NBI ehf. Stjórn Eignarhaldsfélags NBI hf. væri skipuð einum stjórnarmanni, Ásmundi Stefánssyni bankastjóra NBI hf., en enginn framkvæmdastjóri væri í félaginu. Þá segir í bréfinu að tilgangur með þessari breytingu sé að skerpa á skilum á milli rekstrar bankans annars vegar og þessara dótturfélaga hins vegar. Ennfremur segir í bréfinu: „Með þessu er leitast við að takmarka hættu á því að til hagsmunaárekstra komi á milli bankans og nefndra fyrirtækja eða eftir atvikum gagnvart viðskiptavinum NBI hf. sem kunna að starfa á sömu mörkuðum og nefnd dótturfélög eða félög sem þau fara með ráðandi eignarhlut í.“ Sé þannig verið að bregðast við athugasemdum sem settar hafi verið fram meðal annars af Fjármálaeftirlitinu og Samkeppniseftirlitinu. Bréfinu fylgdu afrit af bréfum til Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins dagsett 15. apríl 2010.

Kjararáði þykir rétt að vekja athygli fjármálaráðherra á þessum áformum Landsbankans um leið og óskað er eftir úrskurði fjármálaráðuneytisins, með vísan til 4. másl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, um það hvort undir ráðið heyrir, þrátt fyrir stofnun fyrrnefnds eignarhaldsfélags, að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra eftirtalinna dótturfélaga Landsbankans: Landsvaka hf., SP fjármögnunar hf., Horns fjárfestingarfélag ehf., Vestiu ehf. og Regins ehf.

Virðingarfyllst,  
f.h. kjararáðs

---

Guðrún Zoëga

Hjálagt: Bréf bankastjóra Landsbankans til kjararáðs, dagsett 12. mars 2010, ásamt greinargerð Eiríks Tómassonar  
Bréf bankastjóra Landsbankans til kjararáðs, dagsett 31. mars 2010  
Bréf bankastjóra Landsbankans til kjararáðs, dagsett 15. apríl 2010 ásamt fylgiskjöllum

Afrit: Bankaráð Landsbankans

---

Kjararáð, Hverfisgötu 6a  
101 Reykjavík  
Sími: 563 7055  
Símbref: 563 7054

heimasíða: [www.kjararad.is](http://www.kjararad.is)  
netfang: [kjararad@kjararad.is](mailto:kjararad@kjararad.is)